

Nefndarálit og breytingartillaga

við tillögu að starfsreglum um fasteignir Þjóðkirkjunnar.

Frá löggjafarnefnd.

Frsm. Bryndís Malla Elídóttir.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þingskjali 8 verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

1. gr.

Í 1. gr. kemur orðið „7.“ í stað „10.“

2. gr.

Við 2. gr. bætist nýr svohljóðandi málsliður: „Framleiga fasteigna Þjóðkirkjunnar er óheimil nema með leyfi rekstrarstofu.“

3. gr.

4. og 5. gr. falla brott.

4. gr.

a) 6. gr. verður að 4. gr. og í stað orðanna „Þess skal gætt“ kemur: Rekstrarstofa gætir.

b) Við ákvæðið bætist nýr svohljóðandi málsliður: „Semja má við leigutaka, prest eða annan, um að vera vörslumaður jarðar.“

5. gr.

a) 7. gr. verður að 5. gr.

b) Við lok 1. mgr. bætist: „Víkja má frá þessu skilyrði ef sérstakar aðstæður skapast og rekstrarstofa telur brýnt að kaupa fasteign. Leita skal þá samráðs við forsætisnefnd kirkjuþings.“

c) Í 2. másl. 2. mgr. bætist við orðið „Almennt“ á undan orðunum „skal hæsta tilboði tekið“.

d) Lokamálsliður 2. mgr., „Víkja má frá þessum skilyrðum með samþykki framkvæmdanefndar kirkjuþings.“ fellur brott.

6. gr.

- a) 8. gr. verður að 6. gr.
- b) Í stað orðanna „eða við“ í 2. mgr. kemur: með.
- d) Á eftir orðunum „gegn endurgjaldi“ í 3. mgr. kemur: sbr. 4. gr.

7. gr.

- a) 9. gr. verður að 7. gr.
- b) Eftir orðunum „skal bjóða“ bætist við: vígðum þjónum.
- c) Í stað „upp í 10. gr. og einskorðast sú leiga við prest eða presta (djákna) sem þjóna í prestakallinu. Ef annað er ekki tekið fram er eitt prestssetur í hverju prestakalli.“ kemur: hér upp.
- d) 10. gr. bætist aftan við 7. gr. og falla brott orðin „Tvö prestssetur.“ fyrir aftan orðin „Langanes- og Skinnastaðarprestakall.“ og „Austfjarðaprestakall.“ Þá falla brott orðin „skulu lögð til“ í lokamálsgrein greinarinnar og í stað þeirra koma „skal lagður til embættisbústaður fyrir biskup Íslands og“. Aftan við ákvæðið bætist nýr svohljóðandi málsliður „nema um annað sé samið.“

8. gr.

- a) 11. gr. verður að 8. gr.
- b) Í stað orðsins „2023“ kemur: 2024.

9. gr.

Úr ákvæði til bráðabirgða falla brott orðin „Markaðsleiga skal tekin upp frá og með 1. júlí 2023.“

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Krístrún Heimisdóttur voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Magnús Erlingsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 6. mars 2023.

Löggjafarnefnd.

Bryndís Malla Elíadóttir, form.

Elínborg Sturladóttir.

Jóhanna Gísladóttir.

Konráð Gylfason, varaform.

Óskar Magnússon.

Stefán Magnússon.